

Nd.

895. Nefndarálit

[342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Alþýðubandalagið hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um staðgreiðslukerfi skatta; það náði ekki fram að ganga þar sem skiptar skoðanir voru þá um málið í röðum sveitarstjórnarmanna. Nú lagði Alþýðusambandið fram tillögur um staðgreiðslu skatta og einföldun skattkerfisins í tengslum við gerð kjarasamninga. Ríkisstjórnin er með þessu frumvarpi og öðrum skattafrumvörpum að verða að sínu leyti við kröfum verkalýðshreyfingarinnar. Hér er því verið að hrinda í framkvæmd stefnu sem Alþýðubandalagið hefur lengi barist fyrir, þ.e. *einföldun skattkerfisins og staðgreiðslu skatta*. Þrátt fyrir þessa skattkerfisbreytingu er ljóst nú skömmu fyrir kosningar að *skattkerfið er í uppnámi eftir fjögurra ára stjórn tveggja fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins*:

1. Hallinn á ríkissjóði er 3000 millj. kr. í ár og alls 6000 millj. kr. í 10 þúsund milljóna króna góðæri.

2. Um leið og frádráttarliðir einstaklinga eru afnumdir að mestu og persónuskattar einfaldaðir standa atvinnufyrirtækin eftir og greiða litla sem enga skatta. Frádráttarfrumskógur fyrirtækjanna stendur óhreyfður. Hafa stjórnarliðar nú fellt tillögur Alþýðubandalagsins í báðum deildum þingsins um einföldun skattkerfis fyrirtækja sem hefði getað skilað ríkissjóði 1000–1500 millj. kr.
3. Þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnarflokkanna um að afnema eigi tekjuskatt af almennum launatekjum hafnaði meiri hl. í efri deild tillögum Alþýðubandalagsins um lækkun á sköttum einstaklinga um 1200 millj. kr. frá frumvarpinu. Allar líkur benda reyndar til þess að frumvörpin í núverandi mynd muni hafa í för með sér beina tekjuaukningu fyrir ríkissjóð.
4. Fjármagnstekjur eru enn ekki skattlagðar og engir tilburðir eru uppi til þess að leggja skatta á stóreignir.
5. Ekkert er gert til þess að koma í veg fyrir að forráðamenn fyrirtækja færi einkaneyslu sína á reikning fyrirtækjanna og hafa tillögur um það efni verið felldar í báðum deildum þingsins.
6. Ekkert hefur verið gert til þess að laga og bæta söluskattskerfið.
7. Í fjármálaráðuneytinu hefur legið tilbúið á annað ár frumvarp til nýrrar tollskrár en ríkisstjórnin hefur ekki komið henni frá sér í hendur Alþingis til meðferðar.
8. Stjórnarflokkarnir og Alþýðuflokkurinn hafa bundist samtökum um að leggja virðisaukaskatt á matvörur og menningarstarfsemi — eftir kosningar.

Alþýðubandalagið mun ekki endurflytja í neðri deild þær tillögur allar sem Alþýðubandalagið flutti í efri deild og voru felldar þar af stjórnarliðinu, enda hefur neðri deild reyndar þegar hafnað tillögum Alþýðubandalagsins.

Í neðri deild flytur Alþýðubandalagið því aðeins eftirfarandi tillögur um breytingu á skattafrumvörpunum:

1. Að tryggt verði að Framkvæmdasjóður aldraðra haldi sínum tekjum áfram, enda lýsti ráðuneytisstjórnin í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu því yfir í þingnefnd að löggin um Framkvæmdasjóð aldraðra þyrftu að minnsta kosti að standa í 10 ár í viðbót. Þessi breytingartillaga flækir á engan hátt framkvæmd laganna: Eftir sem áður greiðast skattarnir í einni prósentu frá einstaklingnum, en ríkið skilar Framkvæmdasjóði aldraðra 2,75% af því sem innheimtist skv. 2. mgr. 9. gr. í Framkvæmdasjóð aldraðra.
2. Það er fráleitt að mati undirritaðs að fella niður réttindi leigjenda í skattfrádrætti á sama tíma og húsnæðisbætur handa eigendum húsnæðis eru lögfestar. Að því lýtur breytingartillaga við 11. gr. frumvarpsins.
3. Deilt er um það hvaða áhrif ákvæði til bráðabirgða hefur á hag húsbyggjenda. Tillögur um lagfæringar í þeim efnun voru felldar í efri deild. Þjóðhagsstofnun hefur sent frá sér mat á breytingunni samkvæmt frumvarpinu og fylgir álit hennar með þessu nefndaráliti sem fylgiskjal. Í breytingartillögum undirritaðs er gert ráð fyrir að tímatakmörkin í ákvæði til bráðabirgða I verði felld niður.
4. Þá eru tvær tillögur um breytingar á staðgreiðslufrumvarpinu:
 - a. Í efri deild var felld tillaga Ragnars Arnalds um að lækka prósentuna í 4. gr. úr 25 í 10. Hér er flutt breytingartillaga um að lækka töluna í 15%, en undirritaður styður tillögu Kjartans Jóhannssonar um að fella prósentuna alveg niður.
 - b. Þá er sérstök tillaga um þá sem eru tekjulausir eða tekjulitlir á árinu 1987.

Fjölmarginir aðilar komu á fund nefndarinnar, þar á meðal fulltrúar samtaka launafólks. Talsmenn BSRB lögðu til að afgreiðslu málsins yrði frestað þar sem það væri illa undirbúið og upplýsingar skorti. Talsmenn BHMR lögðu til að málið yrði afgreitt en betur undirbúið í sumar og haust. Fulltrúar ASÍ lögðu fram bréf sem birt er sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Hörð gagnrýni kom fram frá formanni Sambands ísl. sveitarfélaga. Hann óskaði þó ekki eftir því að málinu yrði frestað.

Lögð var fram greinargerð um málefni sjómanna og er hún birt í heild sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Með þessu nefndaráliti birtast enn fremur sem fylgiskjal athugasemdir frá Þjóðhagsstofnun. Á fundum nefndarinnar komu fram alvarlegar athugasemdir við skjalið frá forustumönnum ASÍ. Þeir bentu á að tekjuforsendur stofnunarinnar væru vanáætlaðar. Þannig mætti gera ráð fyrir að tekjuskatturinn samkvæmt töflu 1 í skjali Þjóðhagsstofnunar gæfi af sér 900 millj. kr. meira en stofnunin gerir ráð fyrir og að tap ríkissjóðs á kerfisbreytingunni yrði því ekki 300–500 millj. kr. heldur hefði kerfisbreytingin í för með sér skattahækkun upp á 500 millj. kr.

Af þessu er ljóst að afgreiðsla frumvarpanna nú er í raun aðeins um rammann. Eftir er að ganga frá öllum álagningarhlutföllum og það kom fram hjá fulltrúum ASÍ að þeir teldu óhjákvæmilegt að endurskoða álagningarhlutföllin síðar á þessu ári. Kröfðust þeir aðildar að samráðsnefnd um málið ásamt fulltrúum þingflokkanna.

Ljóst er af meðferð málsins að tíminn til afgreiðslu er of skammur. Jafnljóst er hitt að verði ekki tekin ákvörðun um kerfisbreytinguna nú verður hún ekki tekin á þessu ári. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ákvörðun um breytingu skattkerfisins verði tekin nú. Ríkisstjórnin hefur síðan fallist á þá tillögu undirritaðs að þingflokkarnir fylgist með málinu áfram, enda útilokað að standa að afgreiðslu málsins án þess að það sé tryggt.

Alþingi, 13. mars 1987.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Þjóðhagsstofnun:

Um athugasemdir samtaka áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum um skattafrumvarp.

(12. mars 1987.)

Í greinargerð samtaka áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum, sem fylgir nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar, gætir nokkurs misskilnings um gildandi tekjuskattslög.

Í 30. gr. gildandi skattalaga er kveðið á um frádrátt manna frá tekjum utan atvinnurekstrar. Í D- og E-liðum laganna koma fram meginreglurnar.

Í E-lið:

„1. Iðgjöld af lífeyri, enda sé lífeyristrygging keypt hjá lífeyrissjóði, váttryggingafélagi . . .“

„2. Iðgjöld til stéttarféлага, sjúkrasjóða og styrktarsjóða . . .“

„3. Iðgjöld af lífsábyrgð . . .“

Í D-lið:

„1. Vaxtagjöld, afföll og gengistöp . . . enda séu gjöld þessi af skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota . . .“

„2. Einstakar gjafir til menningarmála . . .“ o.s.frv.

Þá segir undir sama tölulið: „Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum . . .“

Reynist framteljanda fasti frádrátturinn, þ.e. 10%, hagstæðari en frádráttur samkvæmt D- og E-lið velur framteljandi eða skattstjóri fyrir hans hönd þann frádrátt. Það er því ótvírætt að sá er velur 10% frádrátt hefur ekki kost á að nýta sér frádrátt samkvæmt E-lið, en þá liði ber hins vegar að telja fram eins og tekið er fram á framtalseyðublaði. Tillögur samtakanna eru byggðar á þessum misskilningi.

Í bráðabirgðaákvæði II í skattafrumvarpinu segir: „Sá sem eignast íbúð í fyrsta sinn á árunum 1985–1987 og uppfyllir að öðru leyti skilyrði B-liðs 69. gr. skal . . . njóta húsnæðisbóta samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. með sama hætti og sá sem eignast sína fyrstu íbúð á árinu 1988.“ Í greinargerð er þetta ákvæði stutt með þeim rökum að vextir þessara aðila gjaldfalli ekki fyrr en á árinu 1988. Gagnrýni samtakanna, sem kemur fram í 4. mgr. athugasemdanna, á því ekki að öllu við rök að styðjast, nema fyrir þann hóp sem er að skipta um íbúð og nýtur ekki vaxtafrádráttar vegna fyrri íbúðar.

Samanburður á skattaflætti í núverandi kerfi og samkvæmt frumvarpi er byggður á röngum forsendum. Í fyrsta lagi er lækkun brúttótekna um 3% röng eins og tíundað hefur verið hér að ofan. Í öðru lagi fæst réttur samanburður á vaxtaafslætti í núverandi kerfi einungis með því að bera saman tekjur manna ef þeir hefðu notað fastan frádrátt í stað vaxtaafsláttar. Og hér nægir engan veginn að leggja eingöngu til grundvallar það jaðarskattþrep sem *brúttótekjur* viðkomandi falla í. Í þriðja lagi virðist gleymast að í frumvarpinu er gert ráð fyrir staðgreiðslu, en ívilnun vegna vaxtagreiðslna til skatts fæst ekki í núverandi kerfi fyrr en ári eftir greiðslur vaxta. Meðfylgjandi er samanburður á lækkun skatta vegna vaxtagreiðslna samkvæmt núgildandi skattalögum og samkvæmt frumvarpi fyrir þau dæmi sem notuð eru í athugasemdunum.

Erfitt er að leggja tölulegt mat á tillögu samtakanna. Hitt er augljóst að tillagan felur í sér feikilega mikinn viðbótarkostnað. Ástæður þessa eru einkum að með því að fella niður frádrátt sem nemur 7% af tekjum er heimild verulega rýmkuð frá því sem er í núgildandi skattalögum, viðbótarkostnaðurinn kæmi einkum hinum efnameiri til góða. En eins og bent var á hér að ofan getur framteljandi með ákveðnum skilyrðum valið sér annaðhvort vaxtafrádrátt eða fastan 10% frádrátt. Til viðbótar þessu mundi ótakmörkuð heimild til frádráttar veðlana fjölga til muna þeim framteljendum sem drægju vexti frá tekjum og sköttum.

Tafla 1 í athugasemdum áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum.

Skattafláttur vegna vaxta í núverandi kerfi.

Skuld þús. kr.	Vextir+ verðb.	Brúttótekjur				
		800	1000	1200	1400	1600
1000	180	28.50	30.36	23.10	15.40	7.70
1500	270	54.15	56.01	57.75	50.05	42.35
2000	360	79.80	81.66	92.40	84.70	55.44
2500	450	98.92	107.31	119.61	119.35	111.65
3000	540	115.12	1332.96	145.26	154.00	146.30

Skattafsláttur vegna vaxta samkvæmt frumvarpi.

Skuld þús. kr.	Vextir+ verðb.	Brúttótekjur				
		800	1000	1200	1400	1600
1000	180	44.64	39.60	34.56	29.52	24.48
1500	270	77.04	72.00	66.96	61.92	56.88
2000	360	109.44	104.40	99.36	94.32	89.28
2500	450	141.84	136.80	131.76	126.72	121.68
3000	540	174.24	169.20	164.16	159.12	154.08

Mismunur á skattafslætti.

Skuld þús. kr.	Vextir+ verðb.	Brúttótekjur				
		800	1000	1200	1400	1600
1000	180	16.14	9.24	11.46	14.12	16.78
1500	270	22.89	15.99	9.21	11.87	14.53
2000	360	29.64	22.74	6.96	9.62	33.84
2500	450	42.92	29.49	12.15	7.37	10.03
3000	540	59.12	36.24	18.90	5.12	7.78

Athugasemd. Tekjur og vextir í staðgreiðslu eru 20% hærr en í núverandi (eftirágreiðdu) kerfi. Hér er miðað við tekjur einstaklings. Í núverandi skattkerfi má reikna skattalækkun vegna vaxta sem lækkun tekjuskattstofns sinnum jafarskatt ef vaxtafrádráttur færir framteljanda ekki í lægra skattþrep.

Fylgiskjal II.

Alþýðusamband Íslands:

Til fjárhags- og viðskiptanefndar Nd.

Miklu skiptir að staðið verði við þau fyrirheit sem verkalýðshreyfingunni hafa verið gefin um að staðgreiðslu skatta verði komið á um næstu áramót. Til þess að tryggja að svo verði er óhjákvæmilegt að Alþingi afgreiði þau frumvörp, sem þar liggja fyrir, á yfirstandandi þingi.

Enn hafa ekki fengist nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að meta einstaka þætti skattabreytinganna og ýmsir annmarkar hafa komið fram. Því er nauðsynlegt að sumarið og haustið verði notað til endurskoðunar á lögunum svo á haustþingi megi sníða af þá ágalla sem fram kunna að koma um leið og skatthlutföll og fjárhæðir verði endurskoðaðar í ljósi nýjustu upplýsinga.

Alþýðusamband Íslands gerir kröfu til þess að sambandinu verði veitt bein aðild að því endurskoðunarstarfi sem fram undan er í þessu efni.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands,
Ásmundur Stefánsson.

Fylgiskjal III.

Um sjómannaafslátt í staðgreiðslukerfi skatta.

Í nógildandi lögum um tekjuskatt njóta sjómenn sérstaks sjómanna- og fiskimannafrádráttar frá tekjum umfram þann 10% eða fasta frádrátt sem almennt er áður en tekjuskattur er reiknaður. Sjómanna- og fiskimannaafsláttur á bæði við um sjómenn á farskipunum og fiskiskipunum.

Sjómannaafslátturinn í nógildandi skattkerfi er föst krónutala á hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf. Vegna álagningar árið 1987 af tekjum 1986 er sjómannafrádrátturinn 330 kr. á dag sem dregst frá tekjum áður en skattlagt er. Þessi tala var 245 kr. á dag við álagningu 1986 vegna tekna ársins 1985.

Farmanna- og fiskimannafrádrátturinn er hins vegar hlutfall af tekjum og er samkvæmt nógildandi lögum 12% sem dregst einnig frá tekjum áður en tekjuskattur er reiknaður.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, var sjómanna- og fiskimannafrádráttur sem hér segir, vegna tekna ársins 1985, við álagningu 1986 (fjárhæðir í millj. kr.).

	Fjöldi framtala	Fjárhæð v/1985	Áætluð fjárhæð fyrri hluta 1987
Sjómannafrádráttur	10 386	515	800
Farmanna- og fiskimannafrádráttur	10 239	638	990
		1153	1790

Við álagningu 1986 vegna tekna 1985 var sjómannafrádráttur 245 kr. á hvern dag sem maður taldist stunda sjómannsstörf. Fjöldi daga er því 515 millj./245 kr./dag eða 2,1 millj. daga.

Áætlaðar fjárhæðir sjómanna- og fiskimannafrádráttar eru framreiknaðar til verðlags á fyrri hluta árs 1987 og ættu því að jafngilda því verðlagi sem miðað er við í frumvarpinu um staðgreiðslukerfi skatta. Áætluð tekjubreyting milli árána 1985 og 1986 er 35%. Sjómannafrádrátturinn er hækkaður um þá tölu sem samsvarar því að hann sé 330 kr. á dag við álagningu 1987 vegna tekna ársins 1986. Á sama hátt er farið með farmanna- og fiskimannafrádráttinn, þó svo að tekjubreyting sjómanna á fiskiskipum sé áætluð 37% milli árána 1985 og 1986.

Áætlað er að tekjubreytingin frá 1986 til fyrri hluta árs 1987 sé um 15%.

Samkvæmt þessum forsendum ætti því sjómanna- og fiskimannafrádrátturinn að samsvara 1790 millj. króna á verðlagi fyrri hluta árs 1987.

Sjómanna- og fiskimannafrádráttur kemur eingöngu til frádráttar við útreikning á tekjuskatti, en ekki við útreikning á útsvari eða öðrum sköttum svo sem sjúkratryggingagjaldi, sóknargjaldi og þess háttar.

Samkvæmt frumvarpinu um staðgreiðslukerfi skatta verður skattur til ríkisins 28,5% en inn í þeirri álagningartölu eru sjúkratryggingagjald, framlag í Framkvæmdasjóð aldraðra, sóknargjald og kirkjugarðsgjald sem er um 1,5–2,5% af tekjum í staðgreiðslukerfinu. Tekjuskatturinn sjálfur er því um 26–27% af tekjum.

Miðað við staðgreiðsluna verður því beinn frádráttur frá tekjusköttum 1790 millj. kr. sinnum 0,26 = 465,4 millj. kr. vegna sjómannaafsláttar sé miðað við að hann kosti ríkið

svipaða fjárhæð og hann gerir í núgildandi skattkerfi. Sjómannaafsláttur á dag er því 465,4 millj. kr. deilt með 2,1 millj. daga eða um 222 kr. á dag.

Ef miðað er við að tekjuskatturinn sé 27% af tekjum, en ekki 26%, þarf sjómannaafslátturinn að vera 230 kr. á dag.

Fylgiskjal IV.

Þjóðhagsstofnun:

Samanburður á álagningu skatta samkvæmt núgildandi kerfi og fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi.

(10. mars 1987.)

Vísað er til greinargerðar Þjóðhagsstofnunar, dags. 3. mars 1987, um sama efni, sem send var fjármálaráðherra. Hér með fylgir hins vegar frekari samanburður á núgildandi álagningarkerfi og fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi miðað við áætlaðar tekjur ársins 1987 eftir fjölskyldustærð.

Vert að ítreka að áhrif þessara breytinga eru ákaflega vandmetin og verður að líta á þessa útreikninga sem bráðabirgðaniðurstöður á þessu stigi. Meðal annars er verið að athuga áhrif breytinganna á einstaka tekjuhópa. Stefnt er að ljúka þeim þætti fyrir lok vikunnar. Að því loknu ætti að vera unnt að fá sæmilega heildarmynd af áhrifum fyrirhugaðra skattbreytinga að því marki sem unnt er að meta þau miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir. Um sumt verða þó áhrifin ekki metin af nákvæmni fyrr en að lokinni álagningu skatta á þessu ári.

Í meðfylgjandi töflum er sýndur samanburður á núgildandi álagningarkerfi og fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi miðað við áætlaðar tekjur ársins 1987 fyrir eftirfarandi hópa:

Tafla 1.

Allir framteljendur. Vakin er athygli á því að þetta talnaefni hefur breyst lítillega frá vinnuskjali, dags. 3. mars 1987. Breytingarnar eru fólgnar í því að barnabætur til einstæðra foreldra munu hækka samkvæmt staðgreiðslukerfi, en láðst hafði að taka tillit til þessa í fyrri útreikningum. Jafnframt var villa í neðstu línu töflunnar um mismun útsvars í núgildandi kerfi og staðgreiðslukerfi.

Tafla 2.

Einstaklingar.

Tafla 3.

Einstæðir foreldrar.

Tafla 4.

Hjón og sambýlisfólk, skattlagt sameiginlega.

Tafla 5.

Aðrir framteljendur, þ.m.t. dánarbú og þeir sem hafa afbrigðilega álagningu.

Segja má að í megindráttum skýri töflurnar sig sjálfar. Enn og aftur skal þó ítrekað að hér er eingöngu um afar lauslegar áætlanir að ræða, einkum hvað varðar vaxta- og húsnæðisafsláttinn eftir þessum tekjuhópum.

Þjóðhagsstofnun:
Vinnuskjal,
10. mars 1987.

Samanburður á núgildandi álagningarkerfi og fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi m.v. áætlaðar tekjur ársins 1987 (fjárhæðir í millj. kr.).*)

Tafla 1.

Allir framteljendur.

	Áætluð álagning ársins 1987:	
	Núgildandi kerfi:	Staðgreiðslukerfi:
A. Skattar ríkisins:		
Tekjuskattur	14.750	29.205
Sjúkratryggingagjald	400	—
Eignarskattur og eignarskattsauki	720	720
Sóknar- og kirkjugarðsgjald	450	—
Framkvæmdasjóðsgjald	150	—
Álagning alls, brúttó	16.470	29.925
Nýttur persónuafsláttur	8.900	21.270
Sjómannaafsláttur	—	420 ¹⁾
Afsláttur v/ökutækjastyrks og dagpeninga	—	300–400 ²⁾
Vaxta- og húsnæðisafsláttur	—	600–700 ³⁾
Barnabætur	1.800	1.850 ⁴⁾
Frádráttur alls	10.700	24.440–24.640
Álagning ríkisins, nettó	5.770	5.285–5.485
Mismunur		÷285–485
B. Útsvar sveitarfélaga:		
Útsvar	7.330	6.405
Mismunur		÷925

*) Áætluð tekjubreyting milli árana 1985 og 1986 er 35%, en á þeirri forsendu byggir áætluð álagning 1987 skv. núgildandi kerfi. Tekjuuppfærsla ársins 1987 er hins vegar 20% á áætlaðar tekjur 1986, en áætluð álagning staðgreiðslukerfis tekur mið af þeirri forsendu.

- 1) Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis. Miðað er við að afsláttur á hvern lögskráðan dag verði 200 kr.
- 2) Neðri mörkin miða við að nálægt þriðjungur þessara greiðslna samsvari útlögðum kostnaði en þau efri að helmingur sé nær lagi.
- 3) Afar lausleg áætlun.
- 4) Hækkun barnabóta til einstæðra foreldra skv. fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi gæti kostað ríkissjóð kringum 50 m.kr., lauslega áætlað.

Tafla 2.

Einstaklingar.

	Áætluð álagning ársins 1987:	
	Núgildandi kerfi:	Staðgreiðslu-kerfi:
A. Skattar ríkisins:		
Tekjuskattur	4.000	8.860
Sjúkratryggingagjald	70	—
Eignarskattur og eignarskattsauki	195	195
Sóknar- og kirkjugarðsgjald	120	—
Framkvæmdasjóðsgjald	40	—
Álagning alls, brúttó	4.425	9.055
Nýttur persónuafsláttur	2.790	7.195
Sjómannaafláttur	—	150
Afláttur v/ökutækjastyrks og dagpeninga	—	40–60 ¹⁾
Vaxta- og húsnæðisafsláttur	—	170–200 ²⁾
Barnabætur	—	—
Frádráttur alls	2.790	7.555–7.605
Álagning ríkisins, nettó	1.635	1.450–1.500
Mismunur		÷ 135–185
B. Útsvar sveitarfélaga:		
Útsvar	1.990	1.945
Mismunur		÷ 45

- 1) Neðri mörkin miða við að nálægt þriðjungur þessara greiðslna samsvari útlögðum kostnaði en þau efri að helmingur sé nær lagi.
- 2) Afar lausleg áætlun.

Tafla 3.

Einstæðir foreldrar.

	Áætluð álagning ársins 1987:	
	Núgildandi kerfi:	Staðgreiðslu-kerfi:
A. Skattar ríkisins:		
Tekjuskattur	465	1.025
Sjúkratryggingagjald	10	—
Eignarskattur og eignarskattsauki	15	15
Sóknar- og kirkjugarðsgjald	15	—
Framkvæmdasjóðsgjald	5	—
Álagning alls, brúttó	510	1.040
Nýttur persónuafsláttur	320	775
Sjómannafsláttur	—	5
Afsláttur v/ökutækjastyrks og dagpeninga	—	5
Vaxta- og húsnæðisafsláttur	—	30 ¹⁾
Barnabætur	375	425
Frádráttur alls	695	1.240
Álagning ríkisins, nettó	+ 185	+ 200
Mismunur		+ 15
B. Útsvar sveitarfélaga:		
Útsvar	275	225
Mismunur		+ 50

1) Afar lausleg áætlun.

Tafla 4.

Hjón og sambýlisfólk.

	Áætluð álagning ársins 1987:	
	Núgildandi kerfi:	Staðgreiðslu-kerfi:
A. Skattar ríkisins:		
Tekjuskattur	9.970	18.685
Sjúkratryggingagjald	320	—
Eignarskattur og eignarskattsauki	500	500
Sóknar- og kirkjugarðsgjald	300	—
Framkvæmdasjóðsgjald	100	—
Álagning alls, brúttó	11.190	19.185
Nýttur persónuafsláttur	5.580	12.790
Sjómannaafláttur	—	260
Afláttur v/ökutækjastyrks og dagpeninga	—	250–330 ¹⁾
Vaxta- og húsnæðisafsláttur	—	380–450 ²⁾
Barnabætur	1.345	1.345
Frádráttur alls	6.925	15.025–15.175
Álagning ríkisins, nettó	4.265	4.010–4.160
Mismunur		÷105–255
B. Útsvar sveitarfélaga:		
Útsvar	4.925	4.095
Mismunur		÷830

- 1) Neðri mörkin miða við að nálægt þriðjungur þessara greiðslna samsvari útlögðum kostnaði en þau efri að helmingur sé nær lagi.
- 2) Afar lausleg áætlun.

Tafla 5.

Aðrir – afbrigðileg álagning.

	Áætluð álagning ársins 1987:	
	Núgildandi kerfi:	Staðgreiðslu-kerfi:
A. Skattar ríkisins:		
Tekjuskattur	315	635
Sjúkratryggingagjald	—	—
Eignarskattur og eignarskattsauki	10	10
Sóknar- og kirkjugarðsgjald	15	—
Framkvæmdasjóðsgjald	5	—
Álagning alls, brúttó	345	645
Nýttur persónuafsláttur	210	510
Sjómannafsláttur	—	5
Afsláttur v/ökutækjastyrks og dagpeninga	—	5
Vaxta- og húsnæðisafsláttur	—	20 ¹⁾
Barnabætur	80	80
Frádráttur alls	290	620
Álagning ríkisins, nettó	55	25
Mismunur		÷30
B. Útsvar sveitarfélaga:		
Útsvar	140	140
Mismunur		—

1) Afar lausleg áætlun.